



Vísitala neysluverðs hækkaði umfram væntingar í apríl

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,48% milli mánaða í apríl og mælist verðbólga nú 2,2% samanborið við 2,1% í mars. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,57% milli mánaða og mælist verðbólga 1,9% á þar

Mælingin kom á verulega óvart en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,3%. Við höfðum spáð +0,1%.

Að þessu sinni var það enginn einn liður sem skýrir muninn á spá okkar og endanlegri tölu, heldur voru næstum allir undirliðir umfram væntingar okkar. Það virðast aðallega vera gengisáhrif sem eru að koma fyrir og sterkar fram í verðbólgunni en við áttum von á.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Matur og drykkjarvara** hækkaði um 1,37% milli mánaða sem rekja má að töliverðu leyti til gengislækkunar krónunnar að undanförunu. Mest hækkuðu ferskar vörur eins og grænmeti, ávextir og ber.
- **Verð á nýjum bílum** hækkaði einnig vegna gengislækkunar.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** hækkaði vegna gengislækkunar. Meðal annars hækkuðu raftæki um 2,7% og sængurfatnaður og handklæði um 3,3%.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,35% milli mánaða. Skýrist þetta af 0,81% hækkun á vísitölu markaðsverðs húsnæðis en áhrif vaxtabreytinga var 0,46 prósentustig til lækkunar.
- Flug til og frá landinu liggur niðri og tók Hagstofan þá ákvörðun að halda **Flugfargjöldum til útlanda** óbreyttum milli mánaða. Flugfargjöld innanlands hækkuðu hins vegar um 18%.
- **Bensín og díselolía** lækkuðu um 3,4% milli mánaða.


Gerum ráð fyrir 2,0% verðbólgu í júní

Eins og staðan er í dag reiknum við með 0,3% hækkun verðlags í maí, 0,2% í júní og 0,4 lækkun í júlí. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,0% í júlí.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,3%	1,37%	4,0%
Áfengi og tóbak	2,5%	1,34%	4,2%
Föt og skór	4,1%	-0,50%	1,2%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,2%	0,06%	4,5%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,35%	3,2%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	1,71%	3,4%
Heilsa	4,0%	0,95%	1,8%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	1,86%	2,8%
Kaup ökutækja	5,6%	2,28%	2,7%
Bensín og díselolía	3,4%	-4,56%	-8,3%
Flugfargjöld til útlanda	1,5%	0,00%	-21,8%
Póstur og sími	1,7%	0,28%	-2,5%
Tómst. og menning	10,1%	0,06%	4,2%
Menntun	0,4%	0,00%	2,0%
Hótel og veitingast.	5,8%	-0,22%	1,1%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,41%	3,7%

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




VNV hækkaði um 0,48% milli mánaða og mælist verðbólgan 2,2% samanborið við 2,1% í mars.




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólga án húsnæðis er 1,9%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir 2,0% verðbólgu í júní.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Fyrir utan bensín voru nær allir undirliðir til hækunar..




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag innfluttra vara án bensíns til verðbólgu hækkaði úr 0,4 prósentur í 0,8 prósentur.



Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutfall undirliða sem hafa hækkað meira en 2,5% seinustu 12 mánuði hækkaði úr 43% í 52%



Mesta niðurbrot sem er birt, alls 176 undirliðir
Heimild: Hagstofa Íslands




Hagstofan hélt flugfargjöldum til útlanda óbreyttum milli mánaða.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Árshækkun vísitölu markaðsverðs húsnæðis er 6,3% og reiknaðrar húsaleigu er 3,2%.




Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.
Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Föt og skór lækkuðu um 0,5% milli mánaða.



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er kringum 2,0%.



Heimild: Kodiak, Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélag hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.